



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ +354 591 2000

Fax +354 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Matthildur Kr. Elmarsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2005
Tilvísun: UST20050200025/tb

Efni: Sérstakt svæðisskipulag fyrir Norðurlandsskóga, umsögn

Vísað er í bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 4. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um sérstakt svæðisskipulag Norðurlandsskóga.

Inngangur:

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér tillögu að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga. Aðferðafræði skipulagsins byggist fyrst og fremst á því að útiloka þau svæði sem ekki verða notuð eða ólíklegt er að verði notuð til skógræktar. Má hér nefna friðlýst svæði og svæði þar sem skógrækt er talin ill möguleg vegna náttúrufars eða svæði sem vegna annarrar landnotkunar koma ekki til greina. Ólíkt öðrum skipulagsáætlunum sýnir skipulagið því ekki þau svæði þar sem áætlað er eða hugsanlegt er talið að landnotkun verði skógrækt. Í þess stað koma öll svæði til greina að undaskildum þeim sem bent er á hér að framan. Framtíðin mun því skera úr um hvar verður skógrækt og hvar ekki og fer það mikið eftir því hvaða landeigendur vilja taka þátt í verkefninu og hvar Norðurlandsskógar vilja styrkja skógrækt.

Svæðisskipulagið lýsir mjög vel þeim ferlum sem skógarbændum er ætlað að vinna eftir og lýsir það jafnframt vel þeim lögum og reglum sem skógarbændum og Norðurlandsskógum er ætlað að taka tillit til við skipulagningu skógræktar á einstökum jörðum. Svæðisskipulagið fjallar einnig almennt um þá alþjóðasamninga sem eiga við um skógrækt og geta haft áhrif á það hvar skógrækt er stunduð. Að þessu leyti er svæðisskipulagið stefnumarkandi um landnotkun til skógræktar og einnig að því leiti að stefnt er að því að um 5 % lands undir 400 m y.s. verði tekin til skógræktar.

Þar sem svæðisskipulagið tilgreinir ekki þau svæði sem verða notuð undir skógrækt eða sýnir líklegustu svæðin, nema að því leyti sem fyrr er tilgreint, þá getur Umhverfisstofnun ekki gert efnislegar athugasemdir við einstök skógræktarsvæði þar sem þau liggja ekki fyrir. Samkvæmt skipulaginu mun Umhverfisstofnun fá svæði til umsagnar ef þau eru m.a. á verndarsvæði skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum þ.m.t. á Náttúruminjasrá, ef þau eru hluti af aðalskipulagi sem er í vinnslu eða friðlýst, en þar er stofnunin jafnframt leyfisveitandi. Þetta gerir það að verkum að Umhverfisstofnun mun ekki hafa upplýsingar um skógrækt á fjölda svæða. Til dæmis er Umhverfisstofnun ekki sérstaklega tilgreind sem umsagnaraðili vegna svæða þar sem geta verið plöntur á válista. Rétt er að geta þess að 31

tegund plantna eru friðlýstar skv. lögum um náttúruvernd en samkvæmt auglýsingu um friðlýsingu plantnanna er lagt bann við að slíta af þessum plöntum sprota, blöð, blóm eða rætur, traðka á þeim, grafa þær upp eða skerða á annan hátt.

Nokkrar athugasemdir:

Skipulag

Í grein 3.4.2. bls. 15 segir að við gerð og endurskoðun aðal- og svæðisskipulagsáætlana eftir að sérstaka svæðisskipulagsáætlun þessi hefur verið staðfest skal tillit tekið til stefnumörkunar hennar. Sveitarfélögum er þó heimilt að afmarka svæði umfram þau sem hér koma fram þar sem skógrækt er óheimil eða takörkunum háð, t.d. vegna náttúruverndar- eða minjaverndarsjónarmiða.

Umhverfisstofnun telur að með því orðalagi sem hér er valið megi skilja textann á þann hátt að svæðisskipulag það sem hér er til umfjöllunar sé á einhvern hátt takmarkandi fyrir skipulagsvald sveitarfélaga. Í svæðisskipulaginu eru engin skógræktarsvæði tilgreind sérstaklega, nema eins og áður hefur komið fram, og geta sveitarfélög eða Umhverfisstofnun því ekki tekið afstöðu til einstakra svæða og getur svæðisskipulagið þar með ekki verið takmarkandi hvað svæði varðar. Aðrir þættir í svæðisskipulaginu sem eru kallaðir stefnumarkandi, svo sem lýsingar á vinnuferlum sem skógarbændur eiga að fylgja, eru margir hverjir lögbundnir svo sem aðkoma Umhverfisstofnunar hvað varðar umsagnir og leyfisveitingar og ákvarðast ekki af því svæðisskipulagi sem hér er til umfjöllunar. Hins vegar má líta svo á að svæðisskipulagið sé stefnumarkandi fyrir Norðurlandsskóga um það hvernig og hvar skógrækt verður styrkt.

Landslag

Á bls. 17. í kafla 5.1 segir að makið sé að skógarnir falli vel að landi og hafi sem minnst neikvæð áhrif á lífríkið. Innan sviga stendur síðan skoðunarkannanir og vistfræðirannsóknir. Umhverfisstofnun bendir á að hér eiga skoðunarkannanir líklega einkum við þegar fjallað er um að skógar falli vel að landi. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á 36. gr. í lögum um náttúruvernd en þar segir: *Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.*

Endurheimt landgæða og líffræðileg fjölbreytni

Á bls. 19. kafla 4.2.2.1 er fjallað um landgræðsluskógrækt til að endurheimta landgæði. Þessi tegund af skógrækt er ekki bundin við íslenskar tegundir samkvæmt lýsingu í kaflanum. En fjallað er um endurheimt birkiskóga í næsta kafla. Umhverfisstofnun telur að það samræmist mun betur markmiðum í samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, sbr. 8. gr (t.d. f lið) í samningnum um vernd upprunalegs umhverfis, að við endurheimt eða enduruppbygging vistkerfa eða landgæða séu notaðar íslenskar tegundir. Umhverfisstofnun telur því að notkun erlendra tegunda til að endurheimta landgæði sé ekki hluti af því vernda náttúrulega fjölbreytni lífríkis Íslands. Með þessu er ekki verið að leggja mat á skaðsemi/kosti framandi tegunda. Til dæmis liggur ekki fyrir hvaða tegundir má flokka sem ágengar en margar tegundir geta verið þess eðlis að það kemur ekki í ljós fyrr en að mörgum árum liðnum hvort þær eru það eða ekki.

Orðaval

Umhverfisstofnun gerir smá athugasemnd við að á bls.25 í kafla 5.2 um náttúruvernd 1. mgr. er notast við orðalagið *að leitast við að virða náttúruna*. Umhverfisstofnun telur að verkefnið sé þess eðlis að þetta eigi að vera orðað með ákveðnari hætti svo sem að almennt verði náttúran virt.

37. gr. náttúruverndarlaga

Á bls. 26 í kafla 5.2.1.3 vantar umfjöllun um að leita skal umsagnar vegna 37. greinar til Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, sbr. 27. og 43. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir. Þar sem þetta er svæðisskipulag sem hér er til umfjöllunar þarf áfram að leita umsagnar liggja ekki fyrir aðalskipulag.

Lög um verndun Mývatns og Laxár

Umhverfisstofnun vill sérstaklega taka fram að stofnunin telur að það sérstaka svæðisskipulag Norðurlandsskóga sem hér er til umfjöllunar eigi ekki við um skipulag samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu og skal staðfestast af Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun telur því að leita beri leyfis til stofnunarinnar vegna skógræktarframkvæmda á því svæði sem lögin ná til þó sérstakt svæðisskipulag Norðurlandsskóga verði samþykkt sem slíkt.

Náttúruverndaráætlun og Náttúruminjaskrá

Í kafla 5.2.1.5 bls. 26 og 27 er eingöngu fjallað um að taka eigi tillit til Náttúruverndaráætlunar sem samþykkt var sem þingsályktunartillaga af Alþingi. Náttúruverndaráætlun er upphaflega gefin út af Umhverfisstofnun, Náttúruverndaráætlun 2004-2008, Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Hér er um 75 svæði að ræða. Þingsályktunartillagan, Náttúruverndaráætlun, sem samþykkt var á Alþingi er forgangsroðun á því að hvaða svæðum á að vinna að friðlýsingu á næstu fimm árum. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er sérstaklega tekið fram að tillögur, Náttúruverndaráætlun, Umhverfisstofnunar eigi að hafa til hliðsjónar við gerð nýrrar Náttúruminjaskrár. Náttúruverndaráætlun Umhverfisstofnunar er því stefnumarkandi hvað varðar friðlýsingar. Náttúruverndaráætlun sem samþykkt var sem þingsályktunartillaga á Alþingi útilokar því ekki aðrar friðlýsingar sé t.d. vilji fyrir friðlýsingu lands t.d. af landeigendum og sveitarfélögum og umhverfisráðuneytið samþykkir friðlýsingartillöguna.

41. gr. náttúruverndarlaga

Á bls. 27 í kafla 5.2.1.6. vantar að geta þess að reglugerð 583/2000 er sett samkvæmt 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Þar sem reglugerðinni er ekki að fullu lokið lítur Umhverfisstofnun svo á að skoða þarf leyfisveitingar, er varða dreifingu lifandi lífvera, út frá almennum ákvæðum í framangreindri lagagrein.

Ríosamningurinn

Umhverfisstofnun bendir á, sbr. umfjöllun á bls. 29 í kafla 5.2.2.4 um Ríosamninginn, að þó Norðurlandsskógar geti vel fallið innan markmiða samningsins þá geta verið þættir innan skógræktar sem ekki gera það svo sem vegna verndar líffræðilegrar fjölbreytni.

Málsmeðferð á A svæðum

Í kafla 5.7.4.1 bls. 34 er fjallað um málsmeðferð á A svæðum. Þar segir að Skógrækt ríkisins skeri úr um ágreining milli skógarbænda og Norðurlandsskóga vegna A-svæða. Umhverfisstofnun bendir á að Skógrækt ríkisins hefur ekki lagalegt umboð t.d. til að skera úr um hvort heimila á skógrækt á friðlýstum svæðum (og þar með styrkja skógrækt þar). Þetta verður því að orða betur í þessum kafla.

Umhverfisáhrif Norðurlandsskóga

Í kafla 6 er fjallað almennt um Umhverfisáhrif Norðurlandsskóga og leiddar líkur að þeim áhrifum sem hugsanlega verða. Ekki er vitað hvar nákvæmlega á Norðurlandi skógrækt verður stunduð og í hve miklum mæli næstu 40 árin, þó markmiðið liggi fyrir. Ekki er heldur vitað hver útbreiðsla skóga verður eftir t.d. 40-100 ár vegna sjálfsáningar. Umhverfisstofnun telur að ef farið er eftir öllum þeim lögum og reglum sem gilda um umhverfis- og náttúruvernd og einnig alþjóða samningum á því sviði og þess gætt að jaðarsvæði, þar sem ekki er stunduð skógrækt séu nægilega stór, t.d. vegna almennarar verndar lífríkis og vegna verndar jarðmyndana, landslags og menningarminja, þá megi fallast á samantekt á bls. 43 í meginatriðum. Komi hins vegar í ljós að ekki verður farið eftir þessu, t.d. hvað varðar framræslu votlendis eða vegna verndunar landslags, geta áhrifin orðið meiri og erfiðari úrlausnar. Það er t.d. erfitt að meta til fullnustu hver heildaráhrif verða á líffræðilega fjölbreytni því ekki er hægt að meta nú hver sammögnunaráhrif verða á landsvísu vegna áhrifa á líffræðilega fjölbreytni á svæðisvísu.

Umhverfisstofnun vill benda á að notkun hugtaksins *á landslagsvísu* er mjög villandi þar sem orðið virðist frekar eiga við svæði eða landið í heild frekar en að það eigi við landslag. Á bls. 43 í samantekt segir t.d.: *Áhrif á dýralíf-breytingar verða á tegundasamsetningu í skógarreitum. Litlar breytingar á landslagsvísu.*

Lítið sem ekkert er fjallað um neikvæð áhrif sem geta orðið vegna tegunda dýra, plantna, eða örvera sem fylgja í kjölfar skógræktar og geta valdið tjóni sjúkdómum eða öðru tjóni.

Binding koltvísýrings

Á bls. 51 er fjallað um hnattræn áhrif í kafla 6.3 í samhengi við bindingu koltvísýrings. Engar forsendur né útreikningar eru sýndir sem eru grundvöllur að þeirri niðurstöðu sem komist er að í kaflanum.

Megin niðurstöður:


Umhverfisstofnun telur að hér sé ekki um eiginlegt skipulag að ræða heldur lýsingu á verk- og vinnuferlum sem á að viðhafa vegna Norðurlandsskóga. Stofnunin telur þetta sérstaka svæðisskipulag mjög gott hvað þetta snertir og tekur það á nær öllu þáttum sem varðar það svið sem Umhverfisstofnun vinnur á sérstaklega hvað varðar náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að svæðisskipulag þetta eigi ekki við um skipulag samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu og skal staðfestast af Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun telur því að leita beri áfram leyfis til stofnunarinnar vegna skógræktarframkvæmda á því svæði sem lögin ná til þó sérstakt svæðisskipulag Norðurlandsskóga verði samþykkt sem slíkt.


Þar sem Umhverfisstofnun getur ekki á þessum vettvangi gert athugasemdir við skógrækt á einstökum svæðum áskilur stofnunin sér allan rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri vegna skógræktaráætlana fyrir einstakar jarðir eða vegna

endurskoðunar þessa svæðisskipulags.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson



Árni Bragason